

Samstarfssamningur

Garðabæjar og Bessastaðasóknar um æskulýðsstarf

Garðabær, kt. 570169-6109, og Bessastaðasókn, kt. 611087-1529, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framkvæmd æskulýðsstarf á vegum Æskulýðsfélags Bessastaðasóknar.

1. gr.

Með samningi þessum er kveðið á um áherslu í æskulýðsstarfi á vegum Bessastaðasóknar og gangkvæmar skyldur samningsaðila með tilliti til skipulags og framkvæmd á barna- og unglingastarfi.

2. gr.

Allir sem að starfi með æskufólki á vegum félagsins koma þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.

3. gr.

Bessastaðasókn skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.

4. gr.

Hlutverk Bessastaðasóknar er m.a. að:

- Efla barna- og unglingastarf við kirkjuna m.a. í formi sunnudagaskóla.
- Efla tengsl við annað íþrótta-, tómsunda- og forvarnarstarf í Garðabæ.
- Annast fræðsluverkefni fyrir börn og ungmenni með áherslu á mannréttindi, hjálparstarf, lífsleikni og almennt siðfræði.
- Annast leiðtogaþjálfun fyrir unglinga í samstarfi við önnur félög og stofnanir í Garðabæ.
- Vinna að bættu unglingasamfélagi í Garðabæ og auka breidd og valkosti í æskulýðsstarfi í bænum.
- Þjórða upp á foreldramorgna með fræðslu og góðu samfélagi
- Tilnefna fulltrúa í forvarnarteymi bæjarins og taka þátt í forvarnarfræðslu í samstarfi við forvarnarfulltrúa Garðabæjar.

5. gr.

Við undirritun samnings skal Bessastaðasókn leggja fram stefnumótun og starfsáætlun um barna- og unglingastarf á tímabilinu. Þar skulu koma fram skýr markmið um starfið og hvernig staðið verður að mati á árangri. Áætlunin skal metin og endurskoðuð af íþrótta- og tómsundaráði ár hvert í september við undirbúning fjárhagsáætlunar Garðabæjar.

Árleg greiðsla Garðabæjar til Bessastaðasóknar á gildistíma samnings skal vera kr. 2.500.000.

6. gr.

Samningur þessi gildir til ársloka 2017 en er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár skal endurskoða samningsfjárhæð.

Garðabæ, 14.október 2015

F.h. Bessastaðasóknar

F.h. Garðabæjar

Elín Jóhannsdóttir,
formaður sóknarnefndar

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri